

Sp.

26. Tillaga til þingsályktunar

um byggðasíma í Álftaveri til öryggis vegna Kötlugosa.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við stjórn landssímans, að láta koma upp byggðasímakerfi í Álftaveri í Vestur-Skaftafellssýslu í öryggis- og björgunarskyni, er Kötlugos og jökulhlaup ber að höndum, og heimilar fé úr ríkissjóði til þessa

G r e i n a r g e r ð .

Að gefnu tilefni var árið 1939 hafizt handa um rannsókn á því, hvað tiltækilegt væri að gera til verndar byggð og fólki í Álftaveri í Vestur-Skaftafellssýslu fyrir hættu af Kötlugosum og þar með fylgjandi jökulhlaupum. Vegna áskorana frá viðkomandi sýslumanni hlutaðist atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til um, að trúnaðarmenn af hálfu hins opinbera könnuðu þessi atriði, sem sé af hálfu vegamálastjórnarinnar Gústaf E. Pálsson verkfræðingur og frá Búnaðarfélagi Íslands Pálmi Einarsson jarðræktarráðunautur, en af hálfu sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu tók þátt í þessari könnun Jón Þorsteinsson, fulltrúi í Norður-Vík. Ferðuðust þeir m. a. um byggðina og kynntu sér einnig að öðru leyti allar aðstæður, þar á meðal um að koma upp símakerfi í sveitinni, en um það gaf póst- og símamálastjórnin sérstakt álit, sem síðan fylgdi skýrslum könnunarmanna. En tillögur sínar sendu þeir þá þegar ríkisstjórninni, þótt ekkert hafi enn orðið úr framkvæmdum þar að lútandi.

Samkvæmt þeirri rás atburða, sem verið hefur öldum saman og til þessa, má gera ráð fyrir, að Kötlugos færast nú nær, þótt ekki þurfi það að standa alveg fyrir dyrum. Þetta veit þó enginn með vissu. En óverjandi er að vera ekki við því búinn, eftir því sem forsjá og framkvæmd gera skynsamlegt og viðuráðanlegt. Er þar mest aðkallandi að gera það, sem verða má og að haldi mætti koma til bjargar því fólki,

sem óhjákvæmilega, ef að vanda lætur, verður einna mest fyrir barðinu á hinum ægilegu jökulhlaupum, sem gosinu eru ávallt samfara, en það eru íbúar Álftavershrepps. Og það, sem næst liggur, er að koma þar upp byggðasíma samkvæmt áður greindum tillögum og eftir því, sem forráðamenn landssímans teldu bezt henta, enda kæmi það þegar í stað sveitinni að góðum notum. Eins og á stendur, ætti ríki og landssími í sameiningu að standast kostnað af þessu (enda greiðir landssíminn hvort sem er $\frac{1}{2}$ hluta af kostnaði við lagningu sveitasíma samkv. lögum um einkasíma í sveitum).

Álftaverið er nú og hefur verið um hríð í símasambandi við næstu sveit, Meðal-landið, yfir Kúðaflljót, og síðan Landbrotið allt að landssímastöðinni á Kirkjubæjarklaustri. Yrði svo að verða áfram, nema breytt yrði til og sveitinni komið í samband upp í Skaftártungu, sem sumir telja eins æskilegt. En innbyrðis í sjálfri sveitinni vantar síma á milli bæja, sem nauðsynlegt er, að komið verði á til fulls öryggis, því að ákveðnir staðir þar teljast óhultari en aðrir til þess að þjarga sér á, ef voða ber að höndum og þörf verður að kallast á og aðvara alla byggðina. — Er nú líklegt, að til standi að skipuleggja á ný línur og sambönd um þessar sveitir, og hefur fhn. rætt um það við póst- og símamálastjóra. Væri því rétt og hyggilegast að láta þetta allt verða samferða, svo að því geti orðið sem bezt borgið. — Aðrar ráðstafanir, er rétt þætti að gera viðvikjandi Álftaveri í áður nefndu skyni, gætu þá fylgt í kjölfarið.

Hér á eftir eru prentuð sem fylgiskjöl bréf þau og álit hin helztu, er á milli hafa farið á sínum tíma um þetta mál. (Um byggingu „skýla“ í sveitinni, til þess að flýja í, þykir enn allt lítt rannsakað, og er þess vegna sleppt úr áliti könnunarmanna því, er um þau greinir. Allt kostnaðarmat er og breytt orðið nú sem stendur).

Þótt byggðin í Álftaveri sé eigi stór, ber þó að halda henni við, enda eru landgæði þar sízt verri en á ýmsum öðrum byggðum bóllum á landi hér. Þar er og hið fornfræga Þykkvabæjarklaustur, og ætti það ekki að afrækjast. Eru og líkur til, að gera megi á þessu svæði, eins og yfirleitt í héraðinu, gangskör að ýmsum mikilsverðum framkvæmdum, svo sem rafvirkjun til almenningsþarfa samkvæmt þeirri fyrstu almennu könnun í því efni, sem fram hefur farið í sumar í Vestur-Skaftafellssýslu á vegum Rafnagnseftirlits ríkisins. Veigamiklar samgöngubætur hafa nú á síðkastið einnig verið gerðar bæði inn í þessa sveit og í henni sjálfri o. fl. Gerir allt þetta eðlilegt, að hafizt verði nú handa um áður nefnt verk, eftir því sem fram farin könnun gefur vísbendingu til.

Fylgiskjal I.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 13. október 1939.

Með skírskotun til bréfa yðar, herra sýslumaður, síðast 28. júlí þ. á., þar sem þér farið fram á það við ráðuneytið, að athugað sé, hvað hægt sé að gera til að verja Álftveringa tjóni í næsta Kötflugosi, skal yður tjáð, að ráðuneytið hefur í dag beðið vegamálastjóran að fela Gústaf Pálssyni verkfræðingi að gera umbeðnar athuganir ásamt Pálma Einarssyni jarðræktarráðunaut. Þriðja maðinn eruð þér beðinn um að láta sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu tilnefna og tilkynna ráðuneytinu og þeim, hver það sé.

Að loknum athugunum ber þeim að senda ráðuneytinu lillögur sínar.

Hermann Jónasson.

.....
Páll Pálmason.

Til sýslumannsins í Skaftafellssýslu.

Fylgiskjal II.

Tillögur um öryggisráðstafanir fyrir íbúa í Álftaveri vegna Kötlugosa.

Samkvæmt fyrirlagi forsætisráðherra Hermanns Jónassonar fóru undirritaðir, Pálmi Einarsson ráðunautur og Gústaf E. Pálsson verkfræðingur, austur í Álftaver til atflugunar á möguleikum til öryggisráðstafana fyrir íbúa Álftavers í væntanlegu Kötlugosi. Af hálfu sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu var útnefndur Jón Þorsteinsson, Norður-Vík, til þess að vera með í þessum athugunum, og fór hann með í þessa ferð. Til leiðsögu fóru með frá Vík Gunnar Gunnarsson og Jón Gíslason, sem býr á Norðurhjáleigu í Álftaveri.

Í Álftaveri voru mættir flestir af bændum hreppsins til skrafs og ráðagerða.

Í Álftaveri var ferðinni hagað þannig, að fyrst var komið að Herjólfssstöðum og þar rætt við ábúendur, sem mættir voru. Síðan var farið að Þykkvabæjarklaustri og að síðustu að Skálunarbæ.

Í Álftaveri búa rúmlega 100 manns; borið saman við manntalsskýrslu 1930 hefur mannfjöldi haldizt óbreyttur hin síðustu ár.

Í sveitinni eru 10 jarðir, þar af eru 2 eyðibýli, en á 4 jörðum er tvíbýli.

5 jarðir eru í einkaeign, og býr á þeim helmingur íbúanna. Hinn helmingur íbúanna býr á jörðum, sem eru eign rikissjóðs.

Samkvæmt fasteignamatsbók 1932 er landverð jarða í einkaeign kr. 22500.00	
og húsaverð jarða í einkaeign	14500.00
Landverð og húsaverð í einkaeign því	kr. 37000.00
Jarðeignir rikissjóðs er landverð	kr. 15500.00
Jarðeignir rikissjóðs er húsaverð	9800.00
	eða samtals kr. 25300.00
Skattfrjálsar almennar eignir	7300.00
Heildarverð samkv. fasteignamati verður því	kr. 69600.00

Þeir, sem nú búa í Álftaveri, mundu sem heild ófánlegir til að flytja burt, enda þótt þeir ættu kost á tilsvarendi jarðnaði annars staðar á landinu. Undirritaðir líta þannig á, að gera verði ráð fyrir, að búskapur haldist áfram í Álftaveri, og eru tillögurnar miðaðar við það.

Um það, hvort hætta sé meiri nú en áður fyrir Álftaverið vegna Kötlugosa, er ekki hægt að segja með neinni vissu. Kemur þar margt til greina og ekki sízt það, hvernig gosið eða hlaupið hagar sér, hvar aðalvatnsmagnið kemur undan jöklinum, sem að sjálfsögðu hefur áhrif á það, hvar straumþunginn og framburðurinn verður mestur á Mýrdalssandi. Hitt er ekki ólíklegt, að sandur vestan Álftavers hækki við Kötlugos og að byggðin verði því smám saman lægri en sandurinn, meðan hólarinn norðan við byggðina hlífa jörðunum.

Að öllu athuguðu viljum við leggja til, að eftirfarandi verði gert til öryggis íbúum í Álftaveri.

1. Að lagður verði sími á alla bæi í hreppnum, þannig að hægt sé að gera aðvart frá einum bæ á alla hina. Síuninn sé lokaður hringur, þannig að samband fáiist við alla bæina, þótt hann sé slitinn á einum stað.
2. Að gerður verði flugvöllur á svo kölluðum Mýrnahöfða.
3.
4. Að í framtíðinni verði þess gætt, að hús, sem eru endurbyggð, séu flutt á þann stað í landareigninni, sem talizt getur öruggastur fyrir vatnslóðinu.
5. Að á hverjum bæ sé til lúður (póstlúður) til þess að kalla heim fólk, sem er við vinnu úti (á engjum eða annað).

Kötluhlaup rennur til sjávar báðum megin Álftavers, en mismunandi mikið eftir stefnu þess á sandinum fyrir ofan. Það, sem hlífir byggðinni, eru brunahólar norðan við Álftaverið, og eru þeir allmiklu hærri en sandurinn umhverfis. Á þessum hólum klofnar flóðið og rennur í farvegi Skálmar að austan og eftir sandinum að vestan í Landbrotsá og Kælira. Flestir bæjanna standa á hólum, en vatnsflaumur fer á milli bæjanna, svo að ófært verður bæja í milli.

Eftir sögusögnum og ritum um Kötlugos virðist mega álykta, að vatnið sé mest fyrstu 1—2 sólarhringana, og hefur venjulega verið fært bæja í milli eftir þann tíma. Hætta fyrir fólkið er því mest fyrstu dægri. Öryggisráðstafanir þurfa því að miðast við, að þær komi að sem mestum notum þegar í stað, að vart verður við gosið. Við þetta miðast því tillögur okkar.

Í fyrsta lagi síminn. Hver sá, sem fyrstur verður var við gos, getur með því að hringja í símann gert öllum heimilunum aðvart samtímis, að hætta sé á ferðum. Með því að hafa símann lokaðan hring er hægt að aðvara íbúana alla samtímis, þó að sími sé slitinn á einum stað. Þegar frétt hefur um Kötlugos gegnum símann eða með öðru móti, má kalla heimafólk saman með lúðrum þeim, sem áður var getið.

.....
Flugvöllur á Mýrnahöfða. Mýrnahöfði er ef til vill sá staður, sem öruggastur er í Álftaveri fyrir Kötlugosi. Á höfðanum, sem er ávöl bunga, eru þurrlendir móar, sem hægt er að plægja og herfa og sá í grasfræi. Er þá með litlum kostnaði kominn þar flugvöllur, sem samtímis er tón fyrir ábúanda. Með því að gera þarna flugvöll, og miðað við, að fært sé á milli bæja tiltölulega fljótt, er þar með skapað samband við umheiminn, svo framarlega sem flugvélar eru til í landinu. Með flugvelli skapast möguleiki til þess að flytja burtu sjúka og særða og flytja að matbjörg.

Til öryggis má með litlum tilkostnaði laga túnið á Þykkvabæjarklaustri (taka burtu túngarða), svo að hægt er að lenda þar flugvélum, ef ófært væri milli þess staðar og Mýrnahöfða.

.....
Um flugvöll á Mýrnahöfða má benda á, að þar má stækka túnið, svo að kostnaður er aðeins í eitt skipti fyrir öll, því að ábúanda ætli að vera ljúft að halda vellinum við sem túni, eftir að landið hefur einu sinni verið brotið og komið í rækt.

Ef heimilin hefðu lúðra, yrðu að vera ákveðin fyrirsmáli um, hvernig þá skyldi nota.

Til þess að geta gert áætlun um kostnað höfum við snúið okkur til póst- og síma-
málastjóra um kostnaðaráætlun um síma; og um kostnað við flugvöll mun-
um við gera áætlun við fyrsta tækifæri og senda ráðuneytinu.

Reykjavík, 23. okt. 1939.

Jón Þorsteinsson. Pálmi Einarsson. Gústaf E. Pálsson.

Fylgiskjal III.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

Reykjavík, 19. des. 1939.

Viðvíkjandi síma til öryggis fyrir íbúa Álftavers, en beðið hefur verið um áætlun hans vegna, vill póst- og símamálastjórnin taka þetta fram:

1. Höfuðtilgangurinn með síma þessum á að vera, að þær sá í Álftaveri, sem fyrstur kann að verða var Kötluhlaups, hafi sem hægst lök á að koma fram boðum til hinna bæjanna í Álftaveri. Af þessu leiðir, að símalögnin þarf að vera sem öruggust með tilliti til símasambands milli þessara bæja og undir þessum sérstöku

kringumstæðum -- og að símasamband frá bæjum Áltavers í aðrar sveitir er ekkert aðalatriði og enda ekki æskilegt, ef öryggi Áltaverskerfisins bíður hnekki við það.

2. Þar sem almennt má telja, að símasamband á einni (samanhangandi) línu eyðileggist alveg, ef línan á einum stað bilar við, að staur fellur í flóði, þykir það öryggis vegna sjálfsagt:
 - a. Að Áltaverskerfið sé ekki í sambandi við aðrar sveitir, þar sem sambandsleiðir þær, sem til greina koma, eru yfir mikil hættusvæði (Kúðafljót eða Mýrdalssand);
 - b. að kerfið sé ekki lokaður hringur, eins og stungið hefur verið upp á, heldur „álmukerfi“.

Til rökstuðnings þessa síðast nefnda skal á það bent, að hringkerfi krefst, að línan liggja í tvær áttir frá hverjum bæ, en sé hægt að gera upp á milli þessara tveggja átta (leiða), væri öryggi kerfisins aukið, ef aðeins betri leiðin væri valin, en hinni sleppt. Hringkerfið er í eðli sínu meira bundið, og þess vegna er síður hægt að velja beztu leiðir. Loks hlýtur kerfið að verða lengra en álmukerfið og þess vegna, að öðru jöfnu, ótryggara og dýrara. Kostnaðarmuninn mætti þá jafnvel nota til að auka öryggi álmukerfisins enn meir.

Meðfylgjandi teikning sýnir í höfuðdráttum umrætt fyrirkomulag. Á Skálmarbæ séu tvö talsímataeki, annað sem tilheyrir Áltaverskerfinu, en hitt línu þeirri, sem nú þegar liggur úr sveitinni yfir Kúðafljót.

Kostnaðaráætlun er því miður ekki hægt að gera nákvæmlega, þar sem bæði er, að aðstæður eru ekki nægilega kunnar og efnisverð fer nú hækkandi, en miðað við sumarverð á efni 1939 er kostnaður við álmukerfi áætlaður ca. kr. 6000, og er þá ekki með talinn flutningskostnaður á efni. (Hringkerfið yrði ca. 40% dýrara.)

Sjálfsagt virðist að auka öryggi kerfisins með því að hlaða grjótkör með staurum á mestu hættusvæðunum, en kostnaður við það er að mestu vinna, sem ætla mætti að sveitin legði fram. Verkið yrði þó að sjálfsögðu unnið eftir fyrirsögn verkstjóra landssímans.

Vel er trúlegt, að sjálfvirkur vatnsborðsmælir (hámarksmælir), sem komið væri fyrir norðanvert við Skálmarbæ, gæti einnig orðið til öryggis. Vatnsborðsmælir þessi mundi þá standa í sambandi við bjöllu á Skálmarbæ og ef til vill á einum bæ öðrum. Kostnaður við mæli þennan ætti ekki að þurfa að nema meir en kr. 4--500.00.

G. Briem.

Eðv. Árnason.